

**Sp.**

**1118. Nefndarálit**

[336. mál]

um till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sambandi skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefnd, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og viðskiptaráðuneytinu.

Reglugerð sú, sem vitnað er til í tillögunni, byggist á 13. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þar segir:

„Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.“

Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð nr. 519/1979 og var hún gefin út af hv. 3. þm. Reykn., Kjartani Jóhannssyni, 1. flm. þessarar tillögu. Í þeirri reglugerð var gert ráð fyrir þeirri meginreglu að útflutningur á vöru væri háður leyfi viðskiptaráðuneytis. Ráðuneytið gat þó veitt undanþágu frá þeirri meginreglu.

Með auglýsingu, sem tók gildi 1. janúar 1984, ákvað núverandi viðskiptaráðherra að útflutningur á langflestum iðnaðarvörum yrði undanþeginn útflutningsleyfum. Þá hefur viðskiptaráðherra komið fram breytingu á öðrum reglum sem snerta útflutnings- og gjaldeyris-mál. Útflutningur á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum er háður eftirliti viðskiptaráðuneytisins en í sumum greinum sjávarafurða ríkir í reynd útflutningsfrelsi.

Meiri hl. nefndarinnar telur að rétt sé að auka athafnafrelsi útflutningsgreina. Öllum verði heimilaður útflutningur sem uppfylla lágmarkskröfur um verð og gæði framleiðslunnar nema sannanlegt sé að sérstakar aðstæður á ákveðnum erlendum mörkuðum krefjist annars.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum leggur meiri hl. nefndarinnar til að tillagan verði afgreidd með svofelldri

#### R Ö K S T U D D R I D A G S K R Á :

Í trausti þess að viðskiptaráðuneytið hafi við framkvæmd útflutningsmála ofangreind stefnumið að leiðarljósi sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
form., frsm.

Björn Dagbjartsson.

Eggert Haukdal.

Þórarinn Sigurjónsson.

Garðar Sigurðsson.